


VMST-N/0408

**Rannsóknir á seiðastofnum  
Laxár í Skefilsstaðahreppi árið 2004**

**Bjarni Jónsson  
og Eik Elfarsdóttir**

VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Bókasafn

Skagafirði, 2004



**Veiðimálastofnun**  
Institute of Freshwater Fisheries

## Inngangur og aðferðir

Rannsókn fór fram í Laxá í Skefilsstaðahreppi í október 2004. Markmið rannsóknarinnar var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika, útbreiðslu, afkomu og vöxt seiða í ánni með rafveiðum. Sambærilegar rannsóknir hafa farið fram í ánni á hverju hausti í allmörg ár. Á grundvelli þessara upplýsinga er lagt mat á heildarástand fiskistofna Laxár í Skefilsstaðahreppi.

Rafveitt var á níu stöðum í ánni, þeim sömu og undanfarin ár. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 175 – 795 m<sup>2</sup>. Stærð rafveiðistaða var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það fyrir augum að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir eins og kostur er á stöðum sem einkennandi eru fyrir einstaka árkafla.

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Þéttleiki seiða var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverri stöð þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt, gefur þetta seiðavísitölu en ekki heildarfjölda seiða:  $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis } m^2) * 100m^2$  (tölur 1-3). Heildarþéttleiki seiða af hverjum árgangi í ánni var tekinn saman fyrir árin 2001-2004 (tölur 10-15). Tvær mismunandi aðferðir voru notaðar við útreikningana. Aðferð A: allar stöðvar vega jafnt, þar er þéttleiki seiða reiknaður á hverri stöð fyrir sig og meðaltal tekið af þéttleika stöðvanna (tölur 10-12). Aðferð B: stærð rafveiðistaða hefur áhrif á hlutdeild einstakra rafveiðistaða af heild (=  $(\text{heildarfjöldi seiða í ánni} / \text{heildarflatarmál veiðisvæðis } m^2) * 100m^2$ ) (tölur 13-15).

Meðallengd allra laxaseiðaárganga á hverri stöð var reiknuð ásamt staðalfráviki (tafla 4). Einnig var reiknuð meðallengd og þyngd laxaseiða í ánni í heild árin 2001-2004 (tölur 5 og 6).

Reiknaður var út ástandsstuðull laxaseiðanna en stuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess:  $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd (gr)} / \text{lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100$ . Meðalástandsstuðull var reiknaður fyrir alla árganga

laxaseiða í ánni í heild fyrir árin 2001-2004 (tafla 7). Ekki voru öll seiði vigtuð árin 2001 og 2003 og því var ástandsstuðull og meðalþyngd aðeins reiknuð út frá vigtuðum seiðum þau ár.

Vísitala lífþyngdar var reiknuð fyrir alla árganga laxaseiða á hverri stöð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleika sama árgangs á hverri stöð: *lífþyngd á 100m<sup>2</sup> = meðalþyngd (gr) \* þéttleiki á 100m<sup>2</sup>* (tafla 8). Lífþyngd var líka reiknuð fyrir laxaseiði í ánni í heild og gögn tekin saman fyrir árin 2001 – 2004 (tafla 9). Þar sem seiði voru ekki vigtuð var notast við meðalþyngd úr ánni í heild en annars var meðalþyngd á viðkomandi stöð notuð við útreikninga.

Grafín voru hrogn á allmörgum stöðum á vatnasvæðinu haustið 2004, í Grímsá, Engjalæk, í Laxá frá Illugastöðum að Engjalæk og í Laxá fyrir neðan Skíðastaðabrú.

## Niðurstöður

Efsti staðurinn sem veitt var á í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2004 var við ármót Laxár og Bakdalsár (staður 2, mynd 1) en engin seiði veiddust þar (töflur 1-3).

Rétt ofan ármóta Laxár og Ambáttarár var einnig veitt og veiddist þar aðeins eitt eins árs bleikjuseiði (tafla 2, mynd 3).

Rafveitt var rétt ofan við Engjalæk (staður 4, mynd 1) og fundust þar þrjú árgangar laxaseiða, vorgömul (0+), eins árs (1+) og tveggja ára (2+) (tafla 1, mynd 2a). Mest var af vorgömlum seiðum. Hvorki veiddust á þessum stað bleikju- né urriðaseiði (töflur 2 og 3).

Á stöð 5, við Illugastaði (mynd 1), veiddust einnig þrjú árgangar laxaseiða, vorgömul til tveggja ára en þéttleiki þeirra var ekki mikill (tafla 1, mynd 2a), mest var þó af eins árs seiðum. Eina urriðaseiðið sem veiddist í Laxá í rafveiðunum 2004 var á þessari stöð og reyndist það tveggja ára (tafla 3, mynd 4).

Rafveiðistaður 6 er fyrir neðan Herjólfsstaðabrú (mynd 1), þar var veitt nú eins og síðustu ár. Þetta var sá staður þar sem þéttleiki vorgamalla laxaseiða var mestur í rafveiðum 2004 (tafla 1) en engin vorgömul seiði veiddust þarna 2003 (Bjarni Jónsson

og Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0401). Nokkuð veiddist líka af eins árs laxaseiðum og vottur fannst af tveggja ára seiðum haustið 2004 (tafla 1, mynd 2a).

Á Skíðastaðaeyrunum er rafveiðistaður 6a (mynd 1), þar var nokkuð af vorgömlum og eins árs laxaseiðum og vottur af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Ekki varð vart bleikju- og urriðaseiða (töflur 2 og 3).

Veitt var í Grímsá, ofan brúar (mynd 1, staður 7) og fannst þar aðeins einn árgangur laxaseiða, eins árs seiði og var þéttleiki þeirra ekki mikill (tafla 1, mynd 2b). Bleikjuseiði af tveimur árgöngum veiddust þar einnig, vorgömul og tveggja ára (tafla 2, mynd 3).

Næst neðsti rannsóknastaðurinn sem veitt er á í Laxá í Skefilsstaðahreppi er neðan við Skíðastaðabrú (staður 8, mynd 1). Botngerð á þessum stað hefur verið að breytast töluvert að undanförmu og eru búsvæði þar fyrir seiði ekki eins góð og áður var. Þarna veiddust nú tveir árgangar laxaseiða, eins- og fjögurra ára, í mjög litlum þéttleika (tafla 1, mynd 2b).

Rétt ofan við Sævarland (staður 9, mynd 1) veiddust þrír árgangar laxaseiða, vorgömul, eins- og tveggja ára en þéttleiki þeirra var ekki mikill (tafla 1, mynd 2b).

Meðallengd laxaseiða virðist vera nokkuð breytileg milli stöðva en erfitt er að bera það saman þar sem fjöldi seiða af hverjum árgangi á hverri stöð er of lítill (tafla 4). Hins vegar hafa verið tekin saman gögn yfir meðallengd, þyngd og ástandsstuðla laxaseiða í ánni í heild árin 2001 – 2004 (töflur 5-7). Þar má sjá að lengd vorgömlu seiðanna er nokkuð minni árið 2004 en 2003, sumarið 2003 var vöxtur í ánni óvenju mikill og skilar það sér m.a. í lengd eins- og tveggja ára seiðanna sem eru nokkuð stærri 2004 en árin á undan (tafla 5).

Holdafar laxaseiðanna í Laxá í Skefilsstaðahreppi er nokkuð gott, síðustu tvö ár hefur ástandsstuðullinn verið töluvert yfir 1 hjá öllum árgöngum (tafla 7) en oft er miðað við að eðlilegt ástand laxaseiða komi fram í holdstuðli um og rétt yfir 1.

Lífþyngd er reiknuð út frá þyngd seiða og þéttleika þannig að elstu og stærstu seiðin vega mest í slíkum útreikningum. Lífþyngd laxaseiða í Laxá var nokkuð svipuð milli stöðva haustið 2004 en var þó mest á stöð 9, við Sævarland en þar var

líka einna mest af eins og tveggja ára seiðum (tölur 1 og 8). Á heildina litið er lífþyngd í ánni töluvert minni en í veiðunum 2003 en þá var þéttleiki seiða margfalt meiri en sést hafði í nokkur ár í ánni (tölur 9 og 10). Þrátt fyrir að lífþyngd og þéttleiki hafi ekki verið eins mikill í veiðunum 2004 og 2003 var hann þó mun meiri en 2001 og 2002. Haustið 2003 veiddist töluvert af seiðum sem sleppt hafði verið í ána haustið 2002 og hækka þau lífþyngdartöluna töluvert en ef aðeins hefði verið skoðuð lífþyngd náttúrulegra seiða.

## Umræða

Laxaseiði eru nú betur dreifð um Laxá en mörg undanfarin ár. Þannig veiddust eins árs laxaseiði á öllum rafveiðistöðum nema þeim tveim efstu ofan Engjalæks. Sömuleiðis veiddist nokkuð af vorgömlum seiðum en minna af tveggja ára laxaseiðum. Þéttleiki laxaseiða var hins vegar almennt fremur lítill í Laxá sumarið 2004 og engin laxaseiði veiddust í efsta hluta árinna. Aðeins veiddist vottur af eins árs seiðum og ekki aðrir árgangar á fiskgenga hluta Grímsár og svæðinu við Skíðastaðabrú en þar hefur oft veiðst mikið af laxaseiðum. Á síðarnefnda staðnum veiddist talsvert af laxaseiðum árið áður og virðist því sem nokkur afföll hafi orðið á laxaseiðum á þessum kafla. Miklar breytingar hafa átt sér stað á farvegi á þessum hluta árinna sökum efnisflutninga og hentar botngerð þar nú ekki eins vel og áður sem búsvæði laxaseiða. Talsverð flóð og efnisflutingar hafa orðið í Laxá undanfarin misseri og kann það að hafa stuðlað að minni lífslíkum seiða þrátt fyrir gott árferði. Ástand seiðastofna í Laxá reyndist talsvert betra samkvæmt rannsóknnum árið 2003 en 2004 en engu að síður hafa laxastofnar árinna verið að rétta úr kútnum. Athygli vekur góður vöxtur seiða síðustu ár en seiði eru bæði væn og stór miðað við aldur. Sjógöngualdur laxaseiða hefur því verið að lækka og burðargeta árinna því enn meiri en ella. Flest laxaseiði ganga nú til sjávar þriggja ára gömul (3+) en algengara var áður að þau gengu út á fjórða ári. Þessar breytingar á sjógöngualdri má fyrst og fremst skýra með góðu árferði og samsvarandi breytingar má sjá í flestum öðrum ám á Norðurlandi. Þetta hefur einnig þau áhrif í Laxá að kynslóðabil laxa styttest og því stuðla þessar breytingar að því að uppbygging laxastofna árinna gengur hraðar fyrir sig.

Talning á laxi í Laxá haustið 2004 benti til þess að nokkuð væri af laxi í ánni og meira en hefur sést í mörg ár. Því má búast við því að talsverð hrygning hafi verið í ánni



síðastliðið haust en óvíst er hversu dreifð hún hefur verið. Skipulega hefur verið unnið að uppbyggingu laxastofna Laxár í Skefilsstaðahreppi undanfarin ár. Áin hefur verið lokuð fyrir veiði í nokkur ár til að tryggja sem mesta hrygningu í ánni en áin var um tíma þunnskipuð af laxaseiðum. Ef ekki hefði verið gripið til þessara veiðitakmarkana væri enn verr komið fyrir laxastofnum árinna og ekki þyrfti að fjölyrða um mikla laxveiði í ánni á næstu árum. Það torveldaði uppbyggingarstarfið að heimtur á laxi úr hafi í ár á Norðurlandi voru mjög slakar til margra ára uns brá til hins betra árið 2004. Ásamt friðunaraðgerðum hefur verið gripið til annarra aðgerða til að hlúa að laxastofnum árinna. Sleppt var laxaseiðum í Laxá af stofni árinna og skipulegar tilraunir hafa verið gerðar með hrognagröft í Laxá og hliðarár hennar Grímsá og Engjalæk. Laxar hafa verið teknir úr ánni til að afla hrogna og svilja fyrir hrognagröft og staðir valdir til hrognagraftrar þar sem skort hefur náttúrulega hrygningu í Laxá og í hliðaránum þar sem eru ákjósanleg uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði. Hrognagraftrarverkefnið í Laxá er stærsta verkefni sinnar gerðar sem ráðist hefur verið í hér á landi. Skipulega er fylgst með árangri af hrognagraftrinum og hefur hann almennt verið mjög góður. Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar og Friðriks Steinssonar hjá Hólalaxi.

Horfur eru á þokkalegum laxagöngum í Laxá sumarið 2005 líkt og árið 2004. Fjöldi sjögönguseiða gæti þó orðið heldur minni en síðastliðið ár. Marktækur árangur hefur náðst í endurreisn laxastofna Laxár vegna þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til. Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun skortir enn nokkuð á að tekist hafi að endurreisa laxastofna árinna. Því er nauðsynlegt að tryggja góða nýliðun með áframhaldandi friðunaraðgerðum sumarið 2005. Sterkir seiðaárgangar og árviss nýliðun er forsenda þess að Laxá verði góð veiðiá á nýjan leik. Því er lagt til að áin verði lokuð fyrir veiði árið 2005. Í ljósi góðs árangurs af hrognagraftri á vatnasvæðinu og þess að sú aðgerð stuðlar að betri dreifingu nýliðunar um ána er einnig lagt til að tilraunum með hrognagröft verði haldið áfram. Til að markmið með friðunaraðgerðum náist er nauðsynlegt að standa að öflugum veiðieftirliti við ána.

**Tafla 1:** Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2004.

Staður	Stærð (m <sup>2</sup> )	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Staður 2	430					
Staður 3	180					
Staður 4	416	2,64	0,24	0,48		
Staður 5	200	0,50	2,00	0,50		
Staður 6	200	6,50	2,00	0,50		
Staður 6a	175	3,43	2,29	0,57		
Staður 7	330		0,61			
Staður 8	795		0,13			0,13
Staður 9	480	1,04	2,50	1,04		

**Tafla 2:** Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2004.

Staður	Stærð (m <sup>2</sup> )	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Staður 2	430					
Staður 3	180		0,56			
Staður 4	416					
Staður 5	200					
Staður 6	200					
Staður 6a	175					
Staður 7	330	0,61		0,30		
Staður 8	795					
Staður 9	480					

**Tafla 3:** Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2004.

Staður	Stærð (m <sup>2</sup> )	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 2	430				
Staður 3	180				
Staður 4	416				
Staður 5	200			0,50	
Staður 6	200				
Staður 6a	175				
Staður 7	330				
Staður 8	795				
Staður 9	480				

**Tafla 4:** Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Laxá í Skeflisstaðahreppi í rafveiðum 2004.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 2															
Staður 3															
Staður 4	4,87	0,26	11	9,00		1	10,30		2						
Staður 5	5,80		1	9,20	0,50	4	10,10		1						
Staður 6	4,88	0,43	13	8,85	0,87	4	10,40		1						
Staður 6a	5,15	0,31	6	8,38	0,71	4	9,70		1						
Staður 7				7,70		2									
Staður 8				7,40		1									
Staður 9	4,70	0,33	5	8,52	1,20	12	10,54	0,32	5			15,20			1
Samtals	4,93	0,38	36	8,56	0,97	28	10,35	0,35	10			15,20			1



Tafla 5: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi í Laxá í Skeflisstaðahreppi í rafveiðum 2001 - 2004.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+/1+ss*		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	4,57	0,12	3	5,88	0,64	4	8,48	0,50	13	11,33	1,20	15	13,40	0,95	4
2002	5,91	0,59	187	6,44	0,78	25	10,15	0,48	20	11,30	1,23	6	14,75	0,64	2
2003	4,93	0,38	36	8,18	0,54	59	10,35	0,35	10	11,89	0,80	20	12,27*	1,02	12
2004				8,56	0,97	28							15,20		1

Tafla 6: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi í Laxá í Skeflisstaðahreppi í rafveiðum 2001 - 2004.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+/1+ss*		
	Meðal- þyngd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001**	0,47	0,06	3	2,03	0,54	4	6,29	1,12	12	14,01	5,03	9	34,30		2
2002	2,46	0,75	49	2,49	0,63	25	11,34	1,26	14	18,79	4,80	18	22,15*	6,38	12
2003**	1,36	0,33	36	7,76	2,67	28	12,91	1,23	10				43,80		1

Tafla 7: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Laxá í Skeflisstaðahreppi í rafveiðum 2001 - 2004.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+/1+ss*		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001**	0,49	0,06	3	0,98	0,07	4	1,04	0,09	12	1,10	0,09	9	1,08	0,16	2
2002	1,11	0,13	49	0,95	0,22	25	1,07	0,05	14	1,03	0,19	6	1,17*	0,11	12
2003**	1,12	0,15	36	1,11	0,09	23	1,17	0,10	10	1,10	0,07	18	1,25		1

\*\* Aðeins var hluti seiðanna vigtaður árin 2001 og 2003 en meðalþyngd og ástandsstuðlar eru aðeins reiknaðir út frá vigtuðum seiðum.

**Tafla 8:** Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum 2004. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	1+ss	
Staður 2						0,0
Staður 3						0,0
Staður 4	3,14	1,86	5,65			10,7
Staður 5	0,33	9,95	3,26			13,5
Staður 6	4,09	7,56	3,12			14,8
Staður 6a	2,44	6,44	2,79			11,7
Staður 7		2,53				2,5
Staður 8		0,98			10,19	11,2
Staður 9	1,35	21,19	15,21			37,7

**Tafla 9:** Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri árin 2001-2004.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )						Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	
2001		0,1	1,5	4,8			6,4
2002		1,7		2,3	1,7		5,7
2003	12,8	11,0	10,3	1,5		23,6	59,2
2004	1,3	5,6	3,3		1,1		11,3

Tafla 10: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Laxá í Skeflisstaðahreppi 2001-2004, reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	Heild
2001	8	4545		0,07	0,24	0,34	0,11		0,77
2002	9	4143	0,06	0,66		0,15	0,05		0,93
2003	10	5158	5,68	1,90	1,14	0,10		0,99	9,81
2004	9	3206	1,57	1,08	0,34		0,01		3,01

Tafla 11: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Laxá í Skeflisstaðahreppi 2001-2004, reiknaður með aðferð A..

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545	1,09	0,33	0,02		0,03	1,46
2002	9	4143	0,75	0,73	0,24	0,02		1,75
2003	10	5158	3,50	0,75	0,29	0,12	0,04	4,69
2004	9	3206	0,07	0,06	0,03			0,16

Tafla 12: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Skeflisstaðahreppi 2001-2004, reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545				0,01	0,03	0,04
2002	9	4143	0,06	0,04	0,05	0,04		0,20
2003	10	5158	0,84	0,31	0,01	0,13		1,29
2004	9	3206			0,06			0,06

Tafla 13: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Laxá í Skeflisstaðahreppi 2001-2004, reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	Heild
2001	8	4545	0,07	0,09	0,29	0,33	0,09		0,79
2002	9	4143	0,07	0,60		0,14	0,05		0,87
2003	10	5158	3,63	1,18	0,66	0,08		0,64	6,18
2004	9	3206	1,12	0,87	0,31		0,03		2,34





Tafla 14: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Laxá í Skeflisstaðahreppi 2001-2004, reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545	0,95	0,33	0,02		0,02	1,32
2002	9	4143	0,60	0,65	0,24	0,02		1,52
2003	10	5158	2,20	0,36	0,21	0,17		2,93
2004	9	3206	0,06	0,03	0,03			0,12

Tafla 15: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Skeflisstaðahreppi 2001-2004, reiknaður með aðferð B.




Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545				0,02	0,02	0,04
2002	9	4143	0,07	0,05	0,05			0,22
2003	10	5158	0,47	0,25	0,02	0,06		0,79
2004	9	3206			0,03			0,03







**Mynd 2a:** Lengdar- og aldrsdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2004.






**Mynd 2b:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2004.



**Mynd 3a:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2004.



**Mynd 4:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2004.